


Allsherjarnefnd Alþingis
Austurstræti 16
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 135/2042
komudagur 7.4.2008

Reykjavík, 7. apríl 2008

Meðfylgjandi er umsögn Rauða kross Íslands um frv. til l. um breyt. á l. um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 87/2005, 348. mál.

Með vinsemd og virðingu,



Kristján Sturluson
framkvæmdastjóri

Umsögn Rauða kross Íslands
um
frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og
skemmtanahald, nr. 87/2005

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007-2008.)
Þskj. 584 – 348. mál.

Rauði kross Íslands þakkar fyrir það tækifæri sem hér gefst til umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 87/2005. Eftirfarandi eru athugasemdir þær sem Rauði kross Íslands vill koma á framfæri varðandi frumvarpið:

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu hefur það m.a. að markmiði að berjast gegn mansali. Með vísan til þess vill Rauði kross Íslands taka fram að félagið telur mansal vera mjög alvarlegt vandamál sem leiðir til grófra brota gegn grundvallarmannréttindum þeirra sem það mega þola. Rauði krossinn hefur þess vegna beitt sér fyrir ýmsum aðgerðum og verkefnum í því skyni að berjast gegn mansali og veita þolendum þess stuðning og vernd. Í þessu sambandi skal þess sérstaklega getið að Rauði kross Íslands hefur haft afskipti af málum þolenda mansals og hefur ákveðið að standa fyrir rannsókn á mansali hér á landi.

Rauði kross Íslands leggur mikla áherslu á að allir þeir, sem eitthvað geta lagt af mörkum í baráttunni gegn mansali, axli ábyrgð sína. Þar gegna stjórnvöld lykilhlutverki. Afar mikilvægt er að íslenska ríkið fullgildi fjölpjódlega samninga sem hafa það að markmiði að berjast gegn mansali og hvetji önnur ríki til að gera slíkt hið sama. Það er líka mjög mikilvægt að íslensk löggjöf hafi að geyma ákvæði sem fullnægja kröfum sem leiða af slíkum samningum. Þá þarf að tryggja, eins og kostur er, að íslenskt lagaumhverfi sé, að öðru leyti, þannig að dregið sé úr líkum á því að mansal geti viðgengist hér á landi og að virk úrræði séu tiltæk til að koma í veg fyrir og uppræta það og veita þolendum þess fullnægjandi stuðning og vernd.